

Það er komið að því!

Hrafnista 28. janúar 2021

Ágætu íbúar, hvíldargestir og aðstandendur.

Það er okkur sönn ánægja að tilkynna ykkur að verulegar tilslakanir verða á heimsóknartakmörkunum á Hrafnistuheimilunum frá og með föstudeginum 29. janúar 2021. Svo sannarlega tilefni til að gleðjast. Búið er að bólusetja flesta íbúa heimilanna og þeir því væntanlega komnir með mótefni fyrir Covid. Einnig hefur smitum í samfélaginu fækkað verulega og við horfum bjartsýn fram á veginn.

Nú geta íbúar farið út af heimilunum í bílferðir og heimsóknir til ættingja og vina.

Munið samt að áfram þarf að fylgja reglum almannavarna, virða fjöldatakmarkanir og ítrustu sóttvarnaráðstafanir í heimsóknum þar sem starfsmenn heimilanna hafa ekki verið bólusettir. Við þurfum öll að hafa í huga persónulegar sýkingavarnir s.s. handþvott og handsprittun.

Þeir sem eru komnir með vörn fyrir Covid geta borið veiruna á höndum sér og smitað þannig aðra.

Upplýsingar um heimsóknartíma veitir hvert Hrafnistuheimili fyrir sig.

- Tveir gestir hafa leyfi til að heimsækja hvern íbúa dag hvern.
- Börn undir 18 ára hafa leyfi til að koma í heimsókn, **en þá teljast þau annar af þessum tveimur gestum.**
- **Undanþága frá ofangreindum reglum er aðeins veitt við mikil veikindi og þarf leyfi frá vaktstjóra deildar.**
- Munið að spritta hendur við komu á heimilið og eins áður en þið yfirgefið það.
- Allir gestir þurfa að koma með andlitsgrímu (maska). Óheimilt er að koma með taugrímu. Aðstandendur mega taka niður grímur inni á herbergi.
- Vinsamlegast farið beint inn á herbergi íbúa, ekki stoppa og spjalla á leiðinni. Ef íbúi er ekki inn á herbergi þá biðjið þið starfsfólk að sækja hann, ekki gera það sjálf.
- Virðið 2ja metra regluna í samskiptum við starfsfólk.
- **Ekki er heimilt að nýta setustofur og borðstofur eininga/deilda til heimsókna.**

Vinsamlega **EKKI** koma inn á Hrafnistu ef:

- Þú ert í sóttkví eða einangrun.
- Þú bíður eftir niðurstöðu úr sýnatöku.
- Þú ert með flensulík einkenni (kvef, hósta, hita, höfuðverk, beinverki, þreytu, kviðverki, niðurgang o.fl.).
- Þú varst erlendis fyrir minna en 10 dögum.

Það er mikilvægt að hafa í huga að baráttan gegn COVID-19 er ekki unnin og smitum getur fjölgað mjög hratt eins og reynsla hefur kennt okkur. Ef það gerist þurfa heimilin að grípa aftur til ákveðinna aðgerða og takmarkana.

Með vinsemd og virðingu,

Neyðarstjórn Hrafnistu